

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2017, fimmtudaginn 8. júní, var haldinn 157. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í á Laugavegi 77 og hófst kl. 11.35 Viðstödd voru: Sverrir Bollason (S), Marta Guðjónsdóttir (D), Eldar Ástþórsson (BF) og Rakel Dögg Óskarsdóttir (Framsókn og flugvallarvinir) áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist

1. Lagðar voru fram tillögur umhverfis- og skipulagssviðs vegna verkefnisins Hverfið mitt
 - Kl. 11.48 Björn Gíslason tekur sæti á fundi.
2. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði vegna aðalskipulags Reykjavíkur, breyting vegna borgarlínu dagsett 31.05. 2017.
3. Tekið fyrir erindi frá Sigríði Arndísi Jóhannsdóttur vegna styrks sem hverfisráðið veitti í nóvember 2016, „hjólað óháð aldri“ þar sem óskað er eftir að fá að nota styrkinn öðruvísi tengt eldri borgurum. Verið er að vinna að þeim undirbúning í samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila í hverfinu eins og t.d. KR og Frístundamiðstöðinni Tjörninni. Nánari kynning mun fara fram á því verkefni í haust n.k.

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Mörtu Guðjónsdóttur og Björns Gíslasonar.

Víða er komið að löngu tímabæru viðhaldi leikvalla í Vesturbænum og brýnt að farið verði í framkvæmdir sem allra fyrst til að laga ástand þeirra. Sérstaklega er ástandið slæmt á leikvöllum í Skerjafirði en þar hefur viðhaldi ekki verið sinnt um árabil. Lagt er til að gerð verði úttekt á ástandi leikvalla í Vesturbænum og farið í endurbætur og lagfæringar þar sem þörf er á sem allra fyrst. Þá er bráðnauðsynlegt að samhliða verði farið markvisst í að meta öryggi á þessum leikssvæðum og leiktækjum þeirra, ekki síst í ljósi ábendinga og athugasemda frá Neytendastofu.

Frestað.

Fundi slitið kl. 12.45

Sverrir Bollason

Eldar Ástþórsson
Björn Gíslason

Marta Guðjónsdóttir